

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/2142**  
**komudagur 11.4.2008** **Félag íslenskra fornleifafræðinga**  
Starhaga 8, 107 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2008

Alþingi  
Umhverfisnefnd  
150 Reykjavík


**Efni: Umsögn Félags íslenskra fornleifafræðinga um frumvarp til skipulagslaga (374. mál), frumvarp til laga um mannvirki (375. má.) og frumvarp til laga um brunavarnir (376. má.).**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 26. febrúar sl., þar sem Félagi íslenskra fornleifafræðinga (FÍF) er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til skipulagslaga, (374. mál), frumvarp til laga um mannvirki (375. má.) og frumvarp til laga um brunavarnir (376. mál).

FÍF telur ekki ástæðu til sérstakrar umsagnar um frumvarp til laga um mannvirki eða brunavarnir.

FÍF telur mikilvægt að í löggjöf um skipulagsmál sé varsla menningarverðmæta, þar með talið fornleifa, vel tryggð. Þar sem gert er ráð fyrir að reglur um svæðis- og aðalskipulag verði útfærðar í reglugerð telur félagið nauðsynlegt að tryggja aðkomu Fornleifaverndar ríkisins að mótun þeirra. Í samræmi við það gerir FÍF tillögu um að í 1. mgr. 45. gr. frumvarpsins verði kveðið á um skyldu til að leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins um skipulagsreglugerð.

Virðingarfyllst,



stjórn Félags íslenskra fornleifafræðinga